

Nd.

151. Breytingartillaga

við frumvarp til laga um bifreiðaskatt o. fl.

Frá Einari Arnórssyni.

Síðasta málsgr. 4. gr. orðist svo:

Lækka skal skattinn samkvæmt c-lið 1. gr. að réttri tiltölu, ef einkennismerki bifreiðar er afhent lögreglustjóra í skrásetningarumdæmi hennar til geymslu um tíma, þó aldrei skemur en 3 mánuði, en sleppa skal broti úr mánuði við frádrátt skattsins, þannig að meira en hálfur mánuður skal reiknast sem heill mánuður, en hálfum mánuði eða minna broti skal sleppt.